

Starfsemi Vottunarstofunnar Túns ehf.
árið 2017

Skýrsla stjórnar



Ágúst 2018

Starfsemi Vottunarstofunnar Túns ehf. árið 2017 – Skýrsla stjórnar

Skjal þetta er afhent hluthöfum og fundarmönnum aðalfundar Túns 22. ágúst 2018.

© Vottunarstofan Tún ehf. 2018-08-22

Vottunarstofan Tún ehf.

Kt. 511094-2249

Parabakki 3, IS-109 Reykjavík

www.tun.is; tun@tun.is

S. +354 511 1330 & +354 820 4130

Starfsemi Vottunarstofunnar Túns ehf. árið 2017

Skýrsla stjórnar

Stjórn og starfsmenn

Stjórn og varastjórn

Stjórn Vottunarstofunnar Túns ehf. var kjörin á aðalfundi félagsins sem haldinn var 22. ágúst 2017 og voru eftirfarandi aðalmenn og varamenn þeirra kjörnir:

Bjarni Ó. Halldórsson, formaður	Sandra Brá Jóhannsdóttir, varamaður
Gunnlaugur K. Jónsson, varaformaður	Ingi Þór Jónsson, varamaður
Jóhannes Gunnarsson, meðstjórnandi	Þórarinn Sveinsson, varamaður
Oddný Anna Björnsdóttir, meðstjórnandi	Guðfinnur Jakobsson, varamaður
Heiðmar Guðmundsson, meðstjórnandi	Guðrún Þórarinsdóttir, varamaður

Fastanefndir

Félagið starfrækir nú fjórar fastanefndir, vottunarnefnd lífrænnar framleiðslu, vottunarnefnd sjávarnytja, tækninefnd um vottunarreglur og óhlutdrægnisnefnd. Nefndir þessar voru þannig skipaðar:

Vottunarnefnd fyrir lífræna framleiðslu:

Runólfur Sigursveinsson, formaður
Þóra Valsdóttir, varaformaður
Fanney Ó. Lárusdóttir, varamaður
Laufey Haraldsdóttir, varamaður

Vottunarnefnd fyrir sjálfbærar sjávarnytjar:

Sigurbjörg Gísladóttir, formaður
Guðrún Ólafsdóttir
Unnur Skúladóttir
Vilhjálmur Guðlaugsson, varamaður
Louise le Roux, varamaður

Tækninefnd um vottunarreglur:

Ragnhildur H. Jónsdóttir, formaður
Geir Guðmundsson
Margeir Gissurarson

Óhlutdrægnisnefnd:

Sigurður M. Harðarson, formaður
Sigurður Másson
Steinar Ingi Matthíasson (til ágúst 2017)
Sveinn Friðrik Sveinsson (frá ágúst 2017)

Starfsmenn og skrifstofur

Nokkrir sérfræðingar unnu að þróunar- og gæðaverkefnum fyrir félagið. Tuttugu matsmenn önnuðust úttektir á þeim vottunarsviðum sem félagið sinnir. Þá voru nokkrir sérfræðingar ráðnir til rýni á skýrslum um fiskveiðimat. Launaðir starfsmenn í heilum eða hlutastörfum á árinu voru þessir:

Gunnar Á. Gunnarsson, framkvæmdastjóri
Kristinn Þ. Kristinsson, verkefnastjóri
Lovísa Ó. Guðmundsdóttir, verkefnastjóri sjávarnytjavottunar
Louise le Roux, verkefnastjóri sjávarnytjavottunar
Rannveig Guðleifsdóttir, verkefnastjóri vottunar lífrænna afurða
Sigrún Kristinsdóttir, bókhaldsumsjón
Sigurbjörg Gísladóttir, verkefnastjóri rekjanleikavottunar sjávarnytja

Frá árinu 2013 hefur félagið haft aðsetur sitt og lögheimili í Þarabakka 3 í Reykjavík.

Vottunarstofan Tún 1994-2017

Þjónusta í þágu sjálfbærrar þróunar

Vottunarstofan Tún var stofnuð 9. september 1994. Markmið félagsins er að stuðla að innleiðingu vottunar og staðla fyrir sjálfbærar aðferðir í landbúnaði, sjávarútvegi, matvælavinnslu og nýtingu endurnýjanlegra náttúruauðlinda. Margir einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir komu beint og óbeint að þeim verkefnum sem Tún vann á liðnu ári.

Meginverkefni Túns eru þrenns konar:

- (1) Eftirlit, úttektir og vottun framleiðslu á grundvelli staðla, laga og reglugerða,
- (2) viðhald og þróun innra gæðakerfis og
- (3) þróunarverkefni á sviði lífrænnar og sjálfbærrar framleiðslu.

Félagið hefur átt drjúgan þátt í þróun vottaðrar sjálfbærrar framleiðslu hér á landi, fræðslu og kynningu fyrir atvinnulíf og stjórnvöld um sjálfbærar aðferðir, svo og þróun og innleiðingu nýrra vottunarsviða.

Upplýsingaþjónusta og fræðsla

Almenn upplýsingaþjónusta

Vottunarstofan Tún er helsta uppspretta upplýsinga um forsendur og stöðu sjálfbærrar matvælaframleiðslu og vottunar í landbúnaði og sjávarútvegi. Fjöldi framleiðenda og neytenda leitar til Túns eftir upplýsingum um lífrænar og sjálfbærar aðferðir, vottun framleiðslu, hvar unnt er að nálgast vottaðar afurðir og um stöðu lífrænnar og sjálfbærrar framleiðslu héraðs. Í flestum tilvikum er fyrirspyrjendum send nánari gögn í prentuðu máli, fræðslubæklingar, reglur Túns eða umsóknargögn. Þá leita erlendir og innlendir gagnabankar reglubundið eftir upplýsingum Túns um framvindu vottaðrar sjálfbærrar framleiðslu.

Námskeið

Vottunarstofan Tún hefur á undanförunum árum þróað námskeið um lífræna aðlögun og aðferðir í samstarfi við ráðunauta og framleiðendur og er gert ráð fyrir að námskeið verði næst haldið haustið 2018.

Þróun á vottunarreglum

Reglur Túns um lífræna framleiðslu og sjálfbærrar náttúrunytjar:

Tækninefnd Túns um vottunarreglur á sviði lífrænnar framleiðslu, aðfanga og náttúruafurða starfaði á liðnu ári og fundaði um breytingar til samræmis við upptöku á reglugerðum Evrópusambandsins um lífræna landbúnaðarframleiðslu. Hafin var vinna við heildar endurskoðun og nýja útgáfu á handbók fyrir vottunarhafa.

Samstarf um ýmis mál á innlendum vettvangi

Samstarf við opinbera aðila

Matvælastofnun annast, í samvinnu við Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, uppfærslu og eftirlit með framkvæmd reglugerðar um lífræna landbúnaðarframleiðslu. Af þeim sökum á Vottunarstofan Tún mikilvæg og góð samskipti við þessar tvær stofnanir, sem einkum lúta að túlkun reglugerðarinnar, skýrslugerð, uppfærslu gagnabanka um lífræna sáðvöru og leyfisveitingum vegna markaðssetningar á lífrænum vörum innfluttum frá þriðju löndum.

Náttúrulækningafélag Reykjavíkur (NLFR)

Tún á aðild að NLFR sem er umræðuvettvangur um náttúrulegar lækningaleiðir og fyrirbyggjandi heilsugæslu. Saga lífrænnar framleiðslu hér á landi er samofin sögu Náttúrulækningafélags Íslands (NLFÍ). Frumkvöðull þess, Jónas Kristjánsson læknir, vakti einna fyrstur Íslendinga athygli á mikilvægi lífrænna aðferða fyrir heilnæmi matvæla. Jónas og éftirmenn hans hjá NLFÍ hafa verið öflugir málsvarar lífrænnar þróunar. Heilsustofnun NLFÍ (HNLFÍ) í Hveragerði og garðyrkjustöð þess var og er enn uppeldisstaður margra þeirra sem síðar settu á fót eigin framleiðslu lífrænna afurða. Garðyrkjustöðin er vottuð til lífrænnar framleiðslu og landsvæði Heilsustofnunar er hið fyrsta hér á landi sem var yfirlýst svæði án erfðabreyttra lífvera.

Þátttaka í fjölþjóðasamstarfi

Aðild að starfi IFOAM – Alþjóðasambands fyrirtækja og samtaka í lífrænni framleiðslu

Vottunarstofan Tún er meðlimur í Alþjóðasambandi fyrirtækja og samtaka í lífrænni framleiðslu (IFOAM), sem standa fyrir heimsráðstefnum og svæðasamstarfi, gefa út tímarit og staðla um lífræna framleiðslu, og starfrækja sjálfstæða faggildingarstofnun.

Tún á aðild að Íslandsdeild Evrópusambandsþóps IFOAM. Stjórn hópsins hélt nokkra fundi á árinu á hinum ýmsu stöðum í álfunni. Fulltrúi Íslands í stjórn er Ólafur R. Dýrmondsson búfræðingur og áður landsráðunautur Bændasamtaka Íslands í lífrænum búskap. Varamaður hans er Stefán Gíslason framkvæmdastjóri Umhverfisráðgjafar Íslands ehf.

Fjölþjóðlegt samstarf vottunarstofa og eftirlitsaðila

Tún tekur eftir efnum og ástæðum virkan þátt í fjölþjóðlegu samstarfi og sérfræðilegum skoðanaskiptum vottunarstofa og eftirlitsaðila. Samstarf þetta er bæði formlegs og óformlegs eðlis.

Norrænir og baltneskir eftirlitsaðilar eiga með sér óformlegt samstarf og funda að jafnaði einu sinni á ári. Af hálfu Túns sótti Rannveig Guðleifsdóttir verkefnastjóri fundinn árið 2017 sem að þessu sinni var haldinn í Finnlandi.

Tún á samstarf við vottunarstofur í Þýskalandi, Bretlandi og í Bandaríkjunum um úttektir á sviði lífrænnar framleiðslu. Þá sækir Tún árlega fundi vottunarstofa fyrir sjálfbærar sjávarnytjar.

Endurmyndun og þróun innra gæðakerfis

Faggildingar

Vottunarstofan Tún er faggild vottunarstofa samkvæmt Evrópustaðli um aðila sem reka vöruvottunarkerfi og samkvæmt reglugerðum um starfsemi faggilda vottunarstofa og um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar. Faggildingarsvið Einkaleyfastofu sannprófar reglulega hvort Tún vinni í samræmi við staðalinn.

Þýska faggildingarstofan Accreditation Services International (ASI) GmbH faggildir Tún til að annast vottun samkvæmt reglum MSC um vottun sjálfbærra sjávarnytja (fiskistofna) og vottun samkvæmt reglum MSC um meðferð og rekjanleika sjávarafurða.

Vottunarstofan Tún starfar nú – og er faggild samkvæmt – staðli ISO 17065 um aðila sem annast samræmismat á framleiðslu vöru og þjónustu. Sá staðall leggur sérstaka áherslu á að vottunarstofur tryggi óhlutdrægni í vottunarþjónustu. Tún brást við þeim kröfum með því að setja á fót sérstaka eftirlitsnefnd sem annast innra eftirlit með óhlutdrægni félagsins. Nefndin fundaði á árinu og skilaði greinargerð um mat á óhlutdrægni í verkferlum og vottunarstarfi.

Innra gæðakerfi og þjálfun starfsmanna

Félagið heldur árlega námsfundi fyrir starfsmenn og verktaka í vottunarþjónustu einstakra sviða. Starfsmenn félagsins sækja árlega ráðstefnu og stefnufundi Marine Stewardship Council sem haldin eru í London og ætluð er til þjálfunar, fræðslu og samráðs fyrir starfsmenn vottunarstofa á þessu sviði.

Félagið hélt, í samstarfi við Ícelandair, þriggja daga námskeið fyrir matsstjóra um verklag og vinnubrögð í úttektum skv. ISO-staðli 19011. Þá var þjálfun nýrra matsmanna fram haldið með verklegri þjálfun á vettvangi úttekta og netnámskeiðum.

Endurskoðun gæðakerfis Túns er sífellt í gangi og miðar að því að bæta starfshætti, vinnubrögð og þjónustu félagsins á einstökum vottunarsviðum.

Vottunarþjónusta

Vottunarstofan Tún hefur sinnt vottunarþjónustu á sviði sjálfbærrar framleiðslu allt frá árinu 1996. Fyrstu fimmtán árin sinnti Tún einvörðungu lífrænni framleiðslu og aðföngum, en hóf síðan einnig vottun á sviði sjávarnytja sem hefur vaxið hratt síðustu árin.

Vottunarferli felst í afgreiðslu umsókna sem berast, úttektum og skýrslugerð þjálfaðra matsmanna, rýni úttekta, og frekari úrvinnslu á niðurstöðum, sem vottunarnefndir og ritarar þeirra annast.

Vottunarnefndir Túns eru skipaðar sérfræðingum á þeim sviðum sem vottun tekur til, þ.e. annarsvegar á sviði lífrænnar framleiðslu og hinsvegar á sviði sjávarnytja. Vottunarnefndir taka ákvarðanir um vottun samkvæmt þeim reglum sem í gildi eru á hverjum tíma.

Vottun lífrænna afurða, aðfanga og náttúruafurða

Vottunarnefnd fyrir lífræna framleiðslu og aðföng hélt níu fundi á árinu og afgreiddi 76 mál, þar af 12 umsóknir frá nýjum viðskiptavinum.

Í árslok 2017 voru 31 býli og söfnunarstöðvar villtra plantna og 32 vinnslustöðvar vottuð til lífrænnar framleiðslu. Þá voru 15 söfnunar- og vinnslustöðvar vottaðar til framleiðslu á afurðum sjálfbærra náttúrunytja. Flatarmál vottaðs nytjalands í lífrænum landnytjum var í árslok 20.755 ha. Samtals nemur vottað lífrænt nytjaland 1,5 % af áætluðu flatarmáli alls lands sem talið er nýtanlegt til landbúnaðar. Sjá töflur 1-4 og myndir 1-2.

Framhald varð á vottunarþjónustu Túns í Færeyjum með vottun búskapar og landnytja í eygni Koltur, en þar er stundaður blandaður búskapur og ferðaþjónusta. Þá vottaði Tún bjórgerð hjá færeysku ölgerðinni Føroya Bjór í Klaksvík til framleiðslu á lífrænu léttöli.

Þótt engar meiri háttar breytingar hafi orðið til framfara í lífrænum landbúnaði hafa stjórnvöld nú skuldbundið fjármagn á hverju ári til styrktar lífrænni aðlögun. Enn hafa þó fáir hagnýtt sér þennan kost.

Vottun sjálfbærra sjávarnytja

Vottunarnefnd sjávarnytja hélt 28 fundi á árinu og afgreiddi 109 mál, þar af 13 nýjar umsóknir um MSC rekjanleikavottun, 22 endurvottanir, 55 eftirlitsúttektir á vottuðum fyrirtækjum, 3 umsóknir um vottun nýrra fiskistofna, 2 um endurvottun á fiskistofnum og 5 eftirlitsúttektir á vottuðum fiskistofnum.

Á liðnu ári lauk endurvottun á þorski og ýsu til næstu fimm ára samkvæmt staðli Marine Stewardship Council um sjálfbærar fiskveiðar. Þá lauk fyrstu úttekt og vottun á veiðum á steinbít, skarkola, keilu, blálöngu og grálúðu. Eftirlitsúttektir fóru fram á veiðum á ufsa, hvítlöngu, gullkarfa og grásleppu sem fengu vottun árið 2014. Heildarfjöldi fyrirtækja með MSC rekjanleikavottun hjá Túni var svipaður og á árinu þar áður, nokkur fyrirtæki heltust úr lestinni og nokkru fleiri bættust við. Þau eru flestöll staðsett hér á landi. Sjá nánar töflur 5-6.

Viðhorf til alþjóðlegrar sjálfbærnivottunar hafa breyst umtalsvert hér á landi á undanföllum árum. Það markast meðal annars af því að mestur hluti fiskveiða er nú vottaður samkvæmt sjálfbærniastaðli Marine Stewardship Council (MSC). Allir helstu nytjastofnar bolfiskjar og uppsjávartegunda eru nú með slíka vottun. Vel á annað hundrað fyrirtækja eru auk þess með MSC rekjanleikavottun til vinnslu og viðskipta með MSC vottaðan sjávarafla.

Breytingar þessar má rekja til aukinnar spurnar erlendis eftir íslenskum MSC-vottuðum sjávarafurðum, stofnun og starfsemi MSC ráðgjafa og skrifstofu MSC á Íslandi, og aukid samstarf sjávarútvegsfyrirtækja um MSC vottun með stofnun Iceland Sustainable Fisheries ehf.

Tafla 1:
Lífræn framleiðsla, aðföng og náttúruafurðir
Vottaðar einingar á Íslandi og í Færeyjum 2010-2017


ÍSLAND	2017	2016	2015	2014	2013	2012	2011	2010
Vottuð býli	31	31	36	34	33	35	39	35
Vinnslustöðvar	32	29	28	26	26	25	22	21
Innflutningur	-			-	-	-	-	1
Náttúruafurðir/aðföng	15	11	11	10	9	8	8	7

FÆREYJAR	2017	2016	2015	2014	2013	2012	2011	2010
Vottuð býli	1	1	1	1	1	1	1	1
Vinnslustöðvar	1	1	1	1	1	1	1	1

SAMTALS	80	73	77	72	70	70	71	66
---------	----	----	----	----	----	----	----	----

Heimild: Vottunarstofan Tún ehf. 2018

Mynd 1:
Fjöldi vottaðra eininga í lífrænni framleiðslu og aðföngum 1996-2017
á Íslandi og í Færeyjum



Heimild: Vottunarstofan Tún ehf. 2018

Tafla 2:


Vottað nytjaland á Íslandi og í Færeyjum 2012-2017

	2017	2016	2015	2014	2013	2012
ÍSLAND						
Vottað nytjaland (ha) (Lífrænt/Í lífrænni aðlögun)	20755,13	22710	24182	22.605	22.395	20.676
> breyting m. ára (%)	-8,6	-6	6	1	8	0
Vottað sjávarnytjasvæði (ha) (áætlað)	200032	200032	200032	200.032	200.032	200.032
Söfnunarsvæði náttúruafurða (ha)	858,6	858,6	858,6	778	778	778
FÆREYJAR						
Vottað nytjaland (ha)	253	253	253	253	253	253

Heimild: Vottunarstofan Tún ehf. 2018

Mynd 2:

Flatarmál vottaðs lífræns nytjlands á Íslandi 1996-2017 (ha)



Heimild: Vottunarstofan Tún ehf. 2018

Tafla 3:**Vottuð framleiðsla lífrænna afurða og náttúruafurða 2017**

(Fjöldi framleiðslueininga eftir tegund afurða/framleiðslu)

Ísland			
<i>Frumframleiðsla</i>		<i>Vinnsla</i>	
Villtar plöntur	10	Mjólkurvinnsla	4
Grænmeti/kryddjurtir	14	Sláturhús/Kjötvinnsla	1
Kartöflur	10	Kornvinnsla og bakarí	5
Trjáplöntur/Skógarafurðir	3	Ölgerð	1
Garðblóm	1	Önnur matvælagarð	6
Korn	3	Þörungavinnsla	1
Mjólk/Nautgripir	3	Snyrti- og heilsuvörugerð	7
Sauðfjárafurðir	5	Æðardúnnvinnsla	1
Egg	4	Fiskimjöl og lýsi	4
Æðardúnn	4	Pökkun / Heildsala	5
Þang og þörungar	3	Fóðurvinnsla	1
Heimapökkun	6	Matreiðsla	2
Fiskeldi (í lífrænni aðlögun)	1	Kaffibrennsla	2
Fóðurlurtir	1	Smásala	1
		Sjávarfang með lífrænum innihaldsefnum	1
Færeyjar			
<i>Frumframleiðsla</i>		<i>Vinnsla</i>	
Sauðfjárafurðir	1	Ölgerð	1

Heimild: Vottunarstofan Tún ehf. 2018

Tafla 4:**Bústofn vottaður í lífrænni framleiðslu og aðlögun á Íslandi 31.12.2017**

	Vottað lífrænt		Vottað í lífrænni aðlögun	
	Býli	Bústofn	Býli	Bústofn
Mjólkurkýr	3 (3)	114 (111)	0	0
Aðrir nautgripir	3 (3)	135 (123)		
Vetrarfóðraðar ær	5 (7)	1237 (1475)	0	0
Annað sauðfé	5 (7)	44 (58)		
Hross	0 (0)	0 (45)	0	0
Varphænur	3 (3)	12513 (12108)	1	0

Heimild: Vottunarstofan Tún ehf. 2018

Tafla 5: Vottunarverkefni Túns á sviði sjálfbærra sjávarnytja 2009-2017 (m.v. árslok)									
Vottuð starfsemi	2017	2016	2015	2014	2013	2012	2011	2010	2009
MSC rekjanleikavottun (fjöldi fyrirtækja)	95	95	92	67	50	31	10	2	-
Fiskistofnar með MSC vottun Túns	12	7	7	6	1	2	2	-	-
Fiskistofnar í fullu MSC mati Túns	1	4	1		3	1	3	3	-
Fiskistofnar í MSC frummati Túns	0	18	18	1	0	3	0	0	1
Heimildir: Vottunarstofan Tún ehf. 2018 og vefsetur Marine Stewardship Council, www.msc.org .									

Tafla 6: MSC vottaðir fiskistofnar við Ísland 31.7.2017												
Tegundir /Stofnar	MSC vottunarnr.	Nafn fiskveiða	Veiðarfæri / Vottunareiningar									
			BT	FT	HT	HN	DN	NE	LL	HL	RT	SS
Porskur	F-TUN-1104	ISF Iceland cod	X	X	X		X	X	X	X		
Ýsa	F-TUN-1105	ISF Iceland haddock	X	X	X		X	X	X	X		
Ufsi Langa Steinbitur Skarkoli	F-TUN-1106	ISF Iceland saithe, ling, Atlantic wolffish & plaice	X		X		X	X	X	X		
Gullkarfi Blálanga Keila	F-TUN-1107	ISF Iceland golden redfish, blue ling and tusk	X		X		X	X	X	X		
Grásleppa	F-TUN-1108	Icelandic Gillnet Lumpfish						X				
Grálúða	F-TUN-1109	ISF Greenland halibut	X	X				X	X		X	
Skötuselur	F-TUN-1110	ISF Iceland anglerfish	X		X		X	X	X			X
Síld (Norsk vorgotssíld)	F-FCI-0039	ISF Norw & Icel herring trawl and seine		X		X						
Síld (Íslensk sumargotssíld)	F-FCI-0039	ISF Norw & Icel herring trawl and seine		X		X						
Loðna	F-SAI-025	ISF Iceland capelin		X		X						
Veiðarfæri / Vottunareiningar	BT Bottom/demersal trawl - Botnvarpa FT Pelagic trawl - Flotvarpa HT Nephrops trawl - Humartroll HN Purse seine – Hringnót RT Shrimp trawl - Rækjutroll					DN Danish seine - Snurvoð/dragnót NE Gillnet - Netaveiði LL Long line (lína) - Lína HL Hand line (handfæri) – Handfæri SS Anglerfish gillnet - skötuselsnet						
Heimildir: Vottunarstofan Tún ehf. 2018 og vefsetur Marine Stewardship Council, www.msc.org .												

Vottunarbjónusta Túns

Meginsvið

Lífræn framleiðsla landbúnaðarafurða

- Landbúnaður og fiskeldi/fiskirækt
- Söfnun villtra jurta lands og sjávar
- Vinnsla landbúnaðarafurða
- Þökkun/endurþökkun landbúnaðarafurða
- Innflutningur lífrænna afurða frá 3ju löndum



Framleiðsla náttúruafurða og aðfanga til lífrænnar framleiðslu

- Fiskimjöl og -lýsi
- Kalkþörungar
- Kítín úr rækjuskel
- Sjávarsalt
- Æðardúnn



Sjálfbærar sjávarnytjar – Marine Stewardship Council vottun

- Nýting/ástand fiskistofna
- Rekjanleiki/uppruni fiskafurða úr vottuðum sjálfbærum fiskistofnum

